

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Teiti Birni Einarssyni um Súðavíkurhlíð.

1. Hve oft hefur verið ófært milli Ísafjarðar og Súðavíkur (og þar afleiðandi milli Ísafjarðar og Reykjavíkur) á ári sökum tafa eða lokana á Súðavíkurhlíð síðastliðin tíu ár?

Í töflu að aftan er sýnt hversu oft hefur verið ófært milli Ísafjarðar og Súðavíkur á ári sökum lokana á Súðavíkurhlíð undanfarin tíu ár.

Ár	Dagar	Klukkustundir
2012	12	165
2013	7	111
2014	6	58
2015	15	140
2016	6	75
2017	4	36
2018	11	108
2019	3	26
2020	28	329
2021	6	80
2022	17	181

2. Hvað hefur Vegagerðin og eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarfélög, Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur, ráðstafað miklum fjármunum í viðhald, viðbætur og mokstur á veginum við Súðavíkurhlíð til að halda honum ökuferum á síðastliðnum tíu árum?

Kostnaður Vegagerðarinnar vegna viðhalds, viðbóta og moksturs á veginum við Súðavíkurhlíð er sem segir í töflu að aftan. Ekki er talinn kostnaður við holuviðgerðir og annað minna viðhald sem er ekki skipt eftir vegarköflum.

Verkefni	Tímabil	Heildarkostnaður
Snjóflóðavarnir	2016–2019	199 millj. kr.
Styrkingar (sementsfestun)	2013	91 millj. kr.
Snjóflóðavarnir	2022	34 millj. kr.
Viðhald slitlaga, kafli 61–38	2013–2023	33 millj. kr.
Vetrarþjónusta *	2010–2022	117 millj. kr.
Samtals		474 millj. kr.

* Vetrarþjónusta er áætluð þar sem Súðavík–Bolungarvík er einn kafli í þjónustu og allur kostnaður bókast á sama viðfang, þ.e.a.s. á allan kaflann.

Vegurinn flokkast sem þjóðvegur og er veghald hans því á forræði Vegagerðarinnar. Sveitarfélögin Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur hafa ekki ráðstafað sérstökum fjármunum í viðhald, viðbætur og mokstur á veginum.